

Prestsekkju Elínu Einarsdóttur (frá Þingeyra klaustri) . . .	30 rd.	<u>1870.</u>
— Marenu Níelsdóttur (frá Höskuldstöðum) . . .	10 -	31. maí.
— Valgerði Einarsdóttur (frá Grímsey) . . .	8 -	
— Guðriði Helgadóttur (frá Svalbarði) . . .	12 -	
— Sigríði Jónsdóttur (frá Skinnastöðum) . . .	10 -	
— Guðlögu Guttormsdóttur (frá Skeggjastöðum) . . .	10 -	
— Kristínu Gunnarsdóttur (frá Desjarmýri) . . .	7 -	
— Þorbjörgu Jónsdóttur (frá Kolfreyjustað) . . .	18 -	
— Margrætu Magnúsdóttur (frá Skorastað) . . .	10 -	
— Guðrúnu Ingvarsdóttur (frá Eyvindarhólum) . . .	20 -	
— Ingvaldi Jónsdóttur (frá Hofteigi)	10 -	
— Guðnýju Jónsdóttur (frá Kálfholti)	15 -	
— Solveigu Markúsdóttur (frá Stokkseyri) . . .	10 -	
— Kristínu Eiríksdóttur (úr Efríholti þingum) . . .	12 -	
— Margrætu Narfadóttur (frá Glæsibæ) . . .	40 -	
— Guðrúnu Jónsdóttur (frá Mosfelli)	15 -	
— Þórunni Ásgrímsdóttur (frá Helgafelli) . . .	10 -	
— Kristjönu Einarsen (frá Stafholti)	10 -	
— Kristínu Jónsdóttur (frá Þykkvabæjar klaustri) . . .	10 -	
— Helgu Pálsdóttur (frá Reynivöllum) . . .	10 -	

Þetta skal yður hærmeð til vitundar gefið, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörð það þeim, sem hlut eiga að máli, og um leið og vèr vísum til bréfs stjórnarráðsins 15. júlí 1865, skal því viðbætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um mælingar og skrásetning skipa.

1. júní.

Aðalskattastjórnin, er með konungsúrskurði 31. f. m. er falið á hendur að standa fyrir skipa-skrásetningum og -mælingum á Íslandi, mun nú með þriðju póstskeipsferð senda yður, herra stiptamtmaður, yður sjálfum til leiðbeiningar og frekari framkvæmda, hær að lútandi reglur og allt það, sem með þarf, til þess að

1870.

1. júní.

framkvæma það, sem boðið er í tveimur tilskipunum handa Íslandi 25. júní f. á., um skipamælingar og skrásetning skipa.

Útaf þessu mælumst vör til, samkvæmt beiðni skattastjórnarinnar, að þér, herra stiptamtmaður, takið að yður að rita aðalskrána fyrir Ísland, og skal um þetta vísað til skrásetningarinstrúxins, A. nr. 5, og jafnframt að þér sjáið um og vakið yfir, að þeim lagaboðum, sem hér koma við, verði framfylgt; í þessu skyni skal þess sérilagi getið, að það er mjög áriðandi í þjóðernislegu tilliti, að boðinu í skrásetningar-tilskipuninni 1. grein um skilríki, sem heimila manni að geta átt dönsk skip, sé framfylgt, þarð allur hinn danski verzlunarfloti mundi hafa mikið tjón af því, ef slöku yrði slegið við í þessu máli, vegna þess að þar af mundi leiða, að traustið á skrásetningar-skýrteinum, sem hér eru gefin út, mun þá rýrna, og allt það gagn ónýttast, sem ætlað er dönskum skipum með þessu lagaboði, einkum ef styrjöld hefst milli annara þjóða; leiðum vör því jafnframt athygli yðar til þess, sem fyrir er sagt í skrásetningar-instrúxinu B og C. nr. 18.

Með því að nokkuð getur dregizt, þangað til verður farið með öll íslensk skip samkvæmt þessum lagaboðum, er það að tíu árum liðnum frá þeim tíma, er skrásetningar-tilskipunin öðlast gildi, 10. ágústm. þ. á., er skylda, að öll skip verði mæld upp á ný, hefir skattastjórnin stungið uppá því til bráðabirgða, og álitíð það æskilegan viðbæti við hinar nýju skipaskrár, sem lögboðnar eru samkvæmt skrásetningar-tilskipuninni, að stiptamtmaður gangist fyrir á sama hátt einsog hér í konungsríkinu, að útvega til bráðabirgða aðalskrá yfir öll skip, sem eiga heima á Íslandi, þar sem skýrt væri frá nöfnum skipanna, tegund þeirra og lestarúmi, hver sé eigandi skipsins og hvar hann eigi heima, og nafn skipstjórans. Af þessari skrá, sem verður að halda áfram þangað til búið er að mæla á ný og skrásetja aptur öll skip, sem á skránni eru, mætti fá mart það að vita, sem eptir því, er reynzt hefir á aðalskrásetningar- og mælingaskrifstofunni í Kaupmannahöfn, þar sem við höfð er aðalskrá til bráðabirgða, mjög mundi efla öll skrásetningarverk, og koma í veg fyrir, að óþarfa dráttur yrði fyrir skip þau, sem í hlut eiga. Með þessari skrá mun stiptamtmaður þannig geta skorið úr því, hvort lög leyfa, að sleppa megi nokkrum

1870.

1. júní.

þeim skilríkjum, sem venjulega útheimtast til þess, að skrásetning geti fram farið, og mætti líka hafa þau not af henni, að hún yrði höfð til hliðsjónar og leiðréttingar, þá er gallar finnast á skýrslum embættismanna, án þess þurfi að teyja sig á bréfaskríptum. Skattastjórnin hefir ennfremur álitid, að þeir sex embættismenn, sem hafa skrásetningar á hendi á þeim verzlunarstöðum, þar sem eiga að vera skrásetningar-skrifstofur, eigi að búa til sérstakar skipaskrár, og verði á þær rituð þau skip, sem eru á aðalskránni, og tilfært hvar þau eigi heima, samkvæmt því, sem stíptamtmaður segir til, en jafnframt má sleppa þeim skrá, sem ritaðar hafa verið hingað til samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 9. maí 1857¹.

Samkvæmt beiðni aðalskattastjórnarinnar mælist stjórnarráðið ennfremur til þess, að þér, herra stíptamtmaður, búið til aðalskipaskrá til bráðabirgða, og ritið framvegis í hana öll íslensk skip, sem eru mæld, og eftir mælingunni eru að stærð yfir 12 tons eða 6 danskar lestir, eða virðast vera svo stór, en sem enn er ekki búið að skrásetja samkvæmt tilskipun 25. júní f. á.; af þessari skrá verður að senda hingað eptirrit handa aðalskrásetningar- og mælingaskrifstofunni, og jafnframt mælumst vör til, að þér sjáið um, að ritaðar verði sérstakar skipaskrár til bráðabirgða fyrir hvert af þeim sex skrásetningar-umdæmum á Íslandi. Til hliðsjónar, þá er tæð aðalskipaskrá til bráðabirgða er tilbúin, sendum vör yður hér með bráðabirgða-frumvarp til aðalskipaskrár handa Íslandi, sem aðalskrásetningar- og mælingaskrifstofan í Kaupmannahöfn hefir saman sett eptir þeim skipaskýrslum, sem embættismenn, er í hlut eiga, hafa smásaman samið handa hverri sýslu útaf fyrir sig og sent hingað. Samkvæmt fyrirætlun frá skrifstofunni á að rita á hina nýju skrá þau skip, sem eru á hinn, að svo miklu leyti sem þau eru enn við lýði, en það má ætla um þau öll, nema: 5, skonnortuskipið „*Cathinca*“, 21½ lest að stærð og 18., jagtina „*Karen Line*“, að stærð 13½ lest. Samkvæmt því, sem sagt er að framan, verður einnig að rita á skrána öll þau skip, sem samkvæmt skýrslum embættismanna eiga

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 176.

1870.

1. júní.

heima á Íslandi og eru svo stór, sem getið var um að framan. Aðalskrásetningar-skrifstofan hefir enn fremur farið fram á, að stiptamtanni sé gefin vísbending um, að skip, sem líka eru rituð á skipaskrár hér, og í raun rætti eru eign manna, sem eiga heima í konungsríkinu, sé tilfærð á skýrslum þeim, sem áður hafa verið sendar frá Íslandi; en þarð eigi verður álitíð, að þessi skip eigi heima á Íslandi, má ekki rita þau á hinar íslenzku skipaskrár, en aptur á móti á að draga þau út, þar sem þau eru tilfærð á sýsluskrár; sökum þessa hefir og aðalskrásetningar-skrifstofan sleppt þeim í frumvarpinu. Aptur á hinn bóginn eru tilfærð skip á skipaskrár hér, sem danskir þegar eiga, er búa á Íslandi. Um þessi skip, sem á skránni eru auðkennd með stöfunum N. B., rituðum með rauðu bleki, hefir skattastjórnin álitíð, að það verði að vera komið undir eigandanum sjálfum, hvort hann vili að skip hans verði ritað á hinar íslenzku skipaskrár, eða á þær, sem eru hér, en þó á aðra hvora, þannig, að skipið verði dregið út á skránni hér, þegar búið er að rita það á hina íslenzku skipaskrá.

Þarð það er skipað þeim sex skrásetningar-embættismönnum í skrásetningar-instrúxinu, að senda stiptamtanni til frekari afgreiðslu skýrslur um smáskip og báta þá í héraði hvers um sig, er hvorki eru ritaðir í skrásetningarbækur eða á skrá þá, sem þar til heyrir, yfir skip, sem eru 30 registertons eða þaðan af minni, og heldur ekki á skipaskrá þá til bráðabirgða, sem getið var um að framan, mælumst vèr til þess, herra stiptamtmaður, að þèr skipið öllum sýslumönnum í yðar umdæmi, að svo miklu leyti sem þeir eru skrásetningar-embættismenn, að senda skrásetningar-skrifstofunum við árslok, fyrsta skipti við lok ársins 1870, þær skýrslur um smáskip og báta í þeirra lögsagnarumdæmum, sem nauðsynlegar eru, en aptur á móti þarf ekki framar að senda þær skrár, sem fyrirskipaðar eru í bréfi dómsmálastjórnarinnar 9. maí 1857¹.

Til leiðbeiningar handa sýslumönnum um það, hvers innihalds skýrslur þessar eigi að vera, sendum vèr yður til útbýtingar

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 176.

meðal þeirra nokkur exemplör af instrúxinu, sem getið hefir verið um, og eru í kaflanum A, nr. 8, b.¹ þær reglur, sem verður að fara eptir í þessu.

1870.
1. júní.

Að endingu mælumst vèr til þess, samkvæmt beiðni skattastjórnarinnar, að þèr, herra stiptamtmaður, skiptið milli þeirra tveggja skrásetningar-embættismanna, sem eru í yðar umdæmi, þeim exemplörum af hinum áðurgreindu tilskipunum 25. júní f. á., sem eru í vörzlum yðar, og jafnframt bjóðið þeim, að senda hingað þau mælingarverkfæri, sem þeim voru fengin í hendur samkvæmt bræfi dómsmálastjórnarinnar 22. marz 1856².

Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað amtmönnunum yfir vesturumdæminu og norður- og austurumdæminu um það, að þeir bjóði þeim sýslumönnum í þeirra umdæmum, sem ekki hafa umboð til skrásetninga, að gæta þess, sem fyrirskipað er í skrásetningar-instrúxinu A. 8. b., á líkan hátt og yður var skrifað um þetta hér að framan³.

- 1) Þessi grein í instrúxinu er svo hljóðandi:

Skrásetningarskrifstofurnar skulu við árs lok senda stiptamtmanni til frekari framkvæmda skýrslur um öll þau smáskip í hverju umdæmi, sem hvorki eru rituð í skrásetningarbókina né þartil heyrandi skrá yfir skip, sem eru 30 registertons eða þaðan af minni, né heldur á skipaskrá þá til bráðabirgða, sem getið var um að framan; þessar skýrslur skal tilbúa, til þess að halda tölu á öllum skipum, og skal í þeim skýrt frá: 1) er þilskip snertir, hve mörg þau sé og hve stór eptir áætlun, til hvers þau sé höfð, og hve margir menn sé á hverju þeirra; en 2) er opna báta snertir, hve margir þeir sé, hvort það sé seglbátar eða ekki, og hve margar árar sé á bátnum.

- 2) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 127.

- 3) Þetta bréf til amtmannanna er svo hljóðandi:

Tilskipunin um skrásetning skipa 25. júní f. á. mun öðlast gildi 1. ágústm. þ. á., og mun aðalskattastjórnin, er það er falið á hendur með konungsúrskurði 31. f. m., að standa fyrir skrásetningum og mælingum skipa á Íslandi, senda hlutaðeigendum skrásetningar-embættismönnum þar, en það eru stiptamtmaður sem forstjóri allra mælinga og skrásetninga á Íslandi, bæjarfógetinn í Reykjavík, og sýslumennirnir á Vestmannaeyjum, í Snæfellsness-,
 1

1870.
2. júní.

43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og amtmannanna á Íslandi, um fjárhagslögin fyrir fjárhagsárið 1870—71.

Í sambandi við bréf stjórnarráðsins 30. apríl þ. á. sendum vèr yður, herra (tit.), eitt exemplar af fjárhagslögunum fyrir fjár-

Ísafjarðar-, Eyjafjarðar- og Suðurmúlasýslum, þar að lútandi reglur og allt það, sem með þarf til að framkvæma það, sem boðið er í fyrnefndri tilskipun, og í tilskipun 25. júní f. á. um skipa mælingar.

Í instrúxinu um skrásetning skipa á Íslandi er það skipað skrásetningar-embættismönnum þar, að senda stiptamtanni til frekari afgreiðslu skýrslur um smáskip og báta í umboði hvers um sig, sem hvorki eru ritaðir í skrásetningarbækur né á skrá þá, sem þartil heyrir, yfir skip, sem eru 30 registertons og þaðan af minni, og heldur ekki á þá skrá, sem stiptamtanni með bréfi, dagsettu í dag, er skipað að setja saman.

Útaf þessu skorum vèr, samkvæmt tillögum aðalskattstjórnarinnar, á yður, herra amtmaður, að þér skipið þeim sýslumönnum í yðar umdæmi, sem ekki eru skrásetningar-embættismenn, að senda þessum embættismönnum við árslok, fyrsta skipti um lok ársins 1870, þær skýrslur um smáskip og báta í þeirra lögsagnarumdæmum, sem við þarf, en aptur á móti þarf ekki frammar að senda þær skrár, sem fyrirskipaðar eru í bréfi dómsmálastjórnarinnar 9. maí 1857.

Til leiðbeiningar handa sýslumönnum um það, hvers innihalds skýrslur þessar eigi að vera, sendum vèr yður til útbýtingar meðal þeirra nokkur exemplör af instrúxinu, sem getið hefir verið um, og eru í kaflanum A., nr. 8. b., þær reglur, sem verður að fara eftir í þessu.

Af instrúxinu A. nr. 2 sést það, hverjar sýslur eru í hverju skrásetningarumdæmi, en þess skal samt getið, að ein prentvilla er á 6tu bls. 4ðu l. instrúxins, er stendur „skrifstofa Norðurmúlasýslu“, en á að vera: „skrifstofa Suðurmúlasýslu“.

Að endingu mælumst vèr til þess, samkvæmt beiðni skattstjórnarinnar, að þér, herra amtmaður, skiptið milli þeirra tveggja skrásetningar-embættismanna, sem eru í yðar umdæmi, þeim exemplörum af hinum áðurgreindu tilskipunum 25. júní f. á., sem eru í vörzlum yðar, og jafnframt látið senda hingað þau mælingarverkfæri, sem þeim voru fengin í hendur samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 22. marz 1856.